

## Sveitarstjóri Dalabyggð

---

**From:** thora.agustsdottir@vmst.is on behalf of sumarstorf@vmst.is  
**Sent:** þriðjudagur, 12. maí 2020 15:40  
**To:** Sveitarstjóri Dalabyggð  
**Subject:** Úthlutun sumarátaksstarfa til sveitarfélaga 2020

Reykjavík, 12. maí 2020

### Ágætu bæjar- og sveitarstjórar/tengiliðir.

67 sveitarfélög sendu inn óskir sínar um stuðning við sumarstörf námsmanna og atvinnuleitenda til Vinnumálastofnunar fyrir komandi sumar og má segja að áhugi hafi farið fram úr vonum. Það er því miður svo að ekki er hægt að verða við öllum beiðnum þar sem fjármunir eru ekki nægir til að hægt sé að styðja við hvert starf sem sótt var um. Vinna við úthlutun starfa til sveitarfélaga er nú lokið og var reynt eftir megni að gera það á eins sanngjarnan hátt og frekast var kostur, en til viðmiðunar var annars vegar óskir sveitarfélaganna og hins vegar staðan á vinnumarkaði í einstaka sveitarfélögum.

Þitt sveitarfélag hefur fengið úthlutað störfum fyrir sumarið og er fjöldi þeirra skráður hér neðst í þessum pósti. Til þess að hafa umsóknarferlið sem einfaldast var tekin sú ákvörðun að sveitarfélögin **auglýsi sjálf** störfin hvert á sinni heimasíðu.

Hvert sveitarfélag gengur beint frá ráðningu í að hámarki tvo mánuði, enda staðfest að nýr starfsmaður sé námsmaður milli anna í námi og sé 18 ára á árinu eða eldri.

Vinnumálastofnun þakkar áhugann á verkefninu og vonar að allt gangi vel í sumar með þau fjölmörgu og fjölbreyttu störf sem í boði eru þetta árið. Ef einhverjar spurningar vakna ekki hika við að senda tölvupóst eða hringja í okkur til að fá aðstoð.

Uppgjörið fer fram í lok sumars og til að hafa það á sem einfaldastan máta verður uppgjörsferlið rafrænt. Nánari upplýsingar um það verða sendar síðar.

Hafa ber í huga:

1. Reikninga skal senda í lok sumars þegar ráðningartímabili lýkur.
2. Greiðslur skulu vera í samræmi við efni samningsins:
  - a. Sveitarfélag innheimtir vegna námsmanns 289.510 kr. (+11,5 % framlags í lífeyrissjóð) fyrir hvert starf, samtals 322.804 kr.
3. Reikningi skal fylgja
  - a. Afrit af ráðningarsamningi ásamt staðfestingu á námi milli anna.
  - b. Afrit af launaseðli fyrir það tímabil sem endurgreiðslu er óskað.

**Sveitarfélag:** Dalabyggð

**Fjöldi starfa styrkt af Vinnumálastofnun: 3**

Bestu kveðjur

Unnur Sverrisdóttir